

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJUR OG SKER

HLUTI D
NORÐURLAND VESTRA

EFNISYFIRLIT

1.	ALMENN ATRIÐI	3
2.	UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR	4
3.	ALMENNT UM D HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, NORÐURLAND VESTRA	6
3.1.	Afmörkun kröfusvæðis.....	6
3.2.	Sveitarfélög á kröfusvæðinu.....	6
4.	HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA	7
4.1.	Skagafjarðarsýsla	7
4.2.	Húnavatnssýslur	15
5.	KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR	22
5.1.	Almennt.....	22
5.2.	Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	23
5.3.	Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins	26
5.4.	Utan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins.....	26
6.	ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI	26

KRÖFULÝSING
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 12,
EYJUR OG SKER

HLUTI D
NORÐURLAND VESTRA

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 19. apríl 2023, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka til meðferðar svæði 12, Eyjur og sker. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 31. ágúst 2023. Var fresturinn framlengdur að beiðni íslenska ríkisins, til 1. desember 2023, 1. febrúar og loks til 2. febrúar 2024.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirvar: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Andri Andrason, kt. 120284-2749, andriandra@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

Afmörkun kröfusvæðis: Svæði 12, Eyjur og sker, afmarkast með eftirfarandi hætti, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 19. apríl 2023:

Málsmeðferðin tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru innan eftirfarandi afmörkunar: Í fyrsta lagi á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landbelginnar umhverfis meginlandið, Grímsey og Hvalbak skv. 1. mgr. 1. gr. laga um landbelgi, aðlægt beltí, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979. Í öðru lagi innan landbelgismarka umhverfis Kolbeinsey samkvæmt sömu málsgrein.

2. UM FRAMSETNINGU KRÖFULÝSINGAR OG KRÖFUGERÐAR

Kröfulýsingu fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, á svæði 12 hefur verið skipt í eftirfarandi átta hluta:

HLUTI A, SUÐURLAND

HLUTI B, AUSTURLAND

HLUTI C, NORÐURLAND EYSTRÁ

HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

HLUTI E, VESTFIRÐIR UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI F, BREIÐAFJÖRÐUR

HLUTI G, VESTURLAND UTAN BREIÐAFJARÐAR

HLUTI H, SUÐVESTURLAND

Framsetningu kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12, Eyjur og sker, er ekki háttað með sama hætti og verið hefur í fyrri málum óbyggðanefndar.

Svæði 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, hefur verið skipt niður í framangreinda átta hluta eftir landshlutum og er sérstök kröfulýsing fyrir hvern og einn þeirra. Þótt sýslur séu ekki lengur gildar stjórnsýslueiningar á Íslandi er landshlutunum átta skipt upp eftir sýslum. Í hverri og einni kröfulýsingu er þannig fjallað um þann hluta hafsvæðis sem liggur að nánar tilteknum sýslum. Ástæða þessarar skiptingar er umfang svæðis 12, eins og það er afmarkað af óbyggðanefnd, en svæði 12 tekur til alls hafsvæðis umhverfis meginland Íslands, Grímsey og Kolbeinsey, frá stórstraumsfjöruborði meginlandsins til ytri marka landhelginnar.

Svæði 12 er einnig skipt með þessum hætti vegna umfangs yfirfarinna heimilda. Yfirferð heimilda vegna svæðis 12 var eðli málsins samkvæmt sérstaklega umfangsmikil enda taldist nauðsynlegt að fara yfir heimildir er tóku til alls svæðisins, sem og meginlandsins. Jarðabækur Árna Magnússonar og Páls Vídalín voru þannig allar yfirfarnar, sem og allar landamerkjabækur, sýslu- og sóknarlýsingar, og jarða- og fasteignamat fyrir allt landið. Tæplega sextíu Árbækur Ferðafélags Íslands, sem og tugir sérstakra heimilda um eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofan sjávar, voru jafnframt yfirfarnar. Heimildaskráning vegna svæðis 12 er vel yfir þúsund blaðsíður. Framangreind skipting svæðis 12 einfaldar framsetningu allra þessara heimilda.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur í fyrri málum að því leyti að kröfugerð ríkisins tekur bæði til fjölda nafngreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga og til ótilgreinds fjölda ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga.

Þessi framsetning skýrist af því að málsmeðferð á svæði 12 tekur til eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjölmörg hugtök eru notuð um slíkar landfræðilegar einingar, s.s. hólmar, flögur, boðar, drangar, rif, klettur, annes. Þrátt fyrir skýringar í orðabók getur reynst erfitt að heimfæra þessi hugtök á hinar mismunandi landfræðilegu einingar ofansjávar á stórstraumsfjöru. Fjöldi eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga umhverfis Ísland liggur ekki fyrir. Það eru því ekki bara eyjarnar á

Breiðafirði sem eru ótaldar. Við undirbúning kröfugerðar þessarar varð hins vegar ljóst að einungis *nafngreindar* landfræðilegar einingar ofansjávar eru taldar í þúsundum.

Telja má að hægt sé að flokka eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar ofansjávar í þrjá flokka. Fyrst eru það eyjur sem eru eða hafa verið í byggð. Þá nafn- og ónafngreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa tengsl við tilteknar jarðir. Loks eru það eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa óljós eða engin tengsl við jarðir á meginlandinu. Í einhverjum tilvikum er um að ræða eyjaklasa, en stærstu eyjaklasana við Ísland er að finna á Breiðafirði en Vestmannaeyjar eru einnig eyjaklasi. Þegar um slíka eyjaklasa er að ræða er oftast talað um tiltekna eyju sem heimaey eða heimaland, en aðrar landfræðilegar einingar sem heimalönd, úteyjar o.þ.h.

Með hliðsjón af þessum fjölda eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar við Ísland, og sérstöðu svæðisins gagnvart öðrum kröfusvæðum sem óbyggðanefnd hefur þegar fjallað um, er ljóst að ekki var unnt að beita hefðbundnum aðferðum við framsetningu kröfulýsingar.

Framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er því með þeim hætti, sem fyrr segir, að lýst er þjóðlendukröfu í allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar, bæði nafngreindar og ónafngreindar, sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hvers hluta kröfulýsingar, en að undanskildum þeim tilgreindu eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegu einingum sem tekið er fram að ekki sé gerð krafa til. Má hér segja að beitt sé *útilokunaraðferð*, þar sem svæði sem talin eru undirorpin beinum eignarrétti á grundvelli fyrirliggjandi heimilda eru útilokuð, en lýst er þjóðlendukröfu í öll önnur svæði.

Til nánari skýringar hér að lútandi vísast til kafla 5 í kröfulýsingu þessari. Þar er í kafla 5.1 fjallað almennt um málsástæður og röksemdir ríkisins til stuðnings þjóðlendukröfum. Í kafla 5.2 er síðan fjallað um þær nafngreindu eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur til. Í kafla 5.3 er síðan getið um þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem þjóðlendukrafa tekur ekki til.

Til viðbótar framangreindu má geta þess að framsetning kröfulýsingar og kröfugerðar íslenska ríkisins á svæði 12 er jafnframt frábrugðin því sem verið hefur að því leyti að þau svæði (eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar) sem þjóðlendukrafa tekur til eru ekki afmörkuð af kröfupunktum og -línunum. Ástæða þessa er framangreindur fjöldi þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til og sú staðreynd að nokkur hluti þeirra svæða sem þjóðlendukrafa tekur til er ónafngreindur og óstaðsettur. Þá er það í langflestum tilvikum svo að þjóðlendukrafa tekur til alls þess svæðis sem um ræðir hverju sinni, þ.e. allrar viðkomandi eyju, alls skersins o.s.frv. Af þessum sökum er aðeins notast við kröfupunkta- og línur til afmörkunar þegar svo háttar til að gerð er þjóðlendukrafa til afmarkaðs hluta eyju, og þá þannig að kröfupunktar- og línur afmarka það svæði sem þjóðlendukrafa tekur ekki til.

3. ALMENNT UM D HLUTA KRÖFUSVÆÐIS, NORÐURLAND VESTRA

3.1. Afmörkun kröfusvæðis

Hluti D liggur að eftirfarandi sýslum:

Skagafjarðarsýsla

Austur-Húnavatnsýsla

Vestur-Húnavatnsýsla

3.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Þau sveitarfélög sem liggja að kröfusvæðinu eru eftirfarandi:

Sveitarfélagið Skagafjörður

Sveitarfélagið Skagafjörður varð til 6. júní 1998 við sameiningu 11 sveitarfélaga í Skagafirði; Skefilsstaðahrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Skarðshrepps, Staðarhrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps, Hofshrepps og Fljótahrepps. Þéttbýliskjarnar eru fjórir; Sauðárkrókur, Hofsós, Varmahlíð og Hólar. Íbúar sveitarfélagsins voru 4.306 árið 2023.

Sveitarfélagið Skagabyggð

Sveitarfélagið Skagabyggð varð til 6. júní 1998 við sameiningu 11 sveitarfélaga í Skagafirði; Skefilsstaðahrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Skarðshrepps, Staðarhrepps, Seyluhrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Viðvíkurhrepps, Hólahrepps, Hofshrepps og Fljótahrepps. Þéttbýliskjarnar eru fjórir; Sauðárkrókur, Hofsós, Varmahlíð og Hólar. Íbúar sveitarfélagsins voru 4.306 árið 2023.

Sveitarfélagið Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd var áður Höfðahreppur sem varð til þegar Vindhælishreppi var skipt í þrennt 1. janúar 1939 en nafninu var breytt 11. september 2007. Eini þéttbýliskjarninn er Skagaströnd. Íbúar sveitarfélagsins voru 484 árið 2023.

Húnabyggð

Húnabyggð varð til við sameiningu Blönduósþéttbýliskjarnar og Húnavatnshrepps árið 2022. Eini þéttbýliskjarninn er Blönduós. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.295 árið 2023.

Húnaþing vestra

Húnaþing vestra var stofnað 7. júní 1998 eftir sameiningu sjö hreppa; Staðarhrepps, Fremri-Torfustaðahrepps, Ytri-Torfustaðahrepps, Kirkjuhvamshrepps, Hvammstangahrepps, Þverárhrepps og Þorkelshólshrepps. Bæjarhreppur sameinaðist sveitarfélaginu 1. janúar 2012. Þéttbýliskjarnar eru tveir; Hvammstangi og Laugarbakki. Íbúar sveitarfélagsins voru 1.258 árið 2023.

4. HLUTI D, NORÐURLAND VESTRA

4.1. Skagafjarðarsýsla

4.1.1. Heimildir um eyjur í byggð

4.1.1.1. Málmeý

Í Jarðabók segir m.a. um Málmeý:

Eigandi Hólar. [...] Hjer er bænhús og tíðir veittar þá heimamenn eru til sacramentis, en kirkjusókn er til Höfða. [...] Hjer hefur verið á eyjunni ein hjáleiga til forna, það er nú kallað upp á Koti. Enginn minnst þeirrar byggðar en þó eru þar ljós byggðarmerki. Skyldi hjer aftur byggja þá rýrði það grasnautn jarðarinnar þvímeir, sem þó er ærið naum ut supra. Eggver til forna en ekki í mörg ár.¹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Málmeý:

Í NA frá Drangey liggur Málmeý, skammt (1/2 viku) undan innanverðri Sléttuhlíð.²

Ein er ey í Höfðasókn, Málmeý að nafni, skammt norður og vestur af Þórðarhöfða; [...] Einn er bær á eyjunni austanverðri, skammt fyrir utan Klifið.³

Málmeý er afbragðs beitarjörð; er þar bæði svo snjóbert alla jafna, hversu mikið sem úr loftinu fer, og svo landgott líka, en engar eru þar slægjur nema á vellinum. Er góð taða af honum, en sendinn er hann og harður. Í Málmeý er viðarreki góður, þegar viður er fyrir. Útræði er gott á Bæjarklettum vor, sumar og framan af hausti, en fyrir gengur fiskur af fyrir innan Þórðarhöfða en utan. Langsótt er útræði á Höfða og hættulegt í brimum. Bezt er útræði í Málmeý, stuttsótt og lending sémileg í jarðfallinu.⁴

Í Árbók Ferðafélagsins 1946 segir m.a. um Málmeý:

Á norðaustanverðum firðinum liggur hún [Málmeý] eins og risavaxinn bryndreki og snýr stefni til hafs. Frá Þórðarhöfða er stytzt út í eyjuna, líklega tæp hálf vika til sjávar. Hún er nokkrir km á lengd og hefur sömu stefnu og ströndin, eilítið norðvestur. Breiddin er tæpur kílómetri, þar sem hún er mest, en mjókkar til endanna, einkum þó til suðurs. Girt er eyjan klettum allt í kring, en misháum. Hæst er hún við norðvesturhornið. Heitir þar Kaldbakur og er 156 m hátt berg. Í Málmeý er harðara bergefni en í Drangey, björgin ekki líkt því eins holótt né stöllótt og því miklu verra fuglabæli, enda er þar lítil fuglatekja og eggja. Um miðbik eyjarinnar eru inn í hana tvö vik eða krikar og sá vestari þó stærri. Heitir hann Jarðfall, en hinn Skerklíf. Við suðurendann gengur hún fram í þunna hamrahrygg, sem er ógengur. Verður þar skarð djúpt eða klauf, en hinum megin klettastapi, sem Kringla nefnist, en klaufin Kringluskarð.

¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 264.

² Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknalýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls. 23-24.

³ Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknalýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls. 144.

⁴ Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknalýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls. 151.

Neðansjávarrif gengur frá Kringlu í átt til Þórðarhöfða. Er þar ófært skipum í brimi, en annars fara bátar oft Málmeysund, ef gott er í sjó og hásjávað. Eyjan er mestöll gróin ofan og þykir góð til sauðbeitar. Einn bær er á henni, og hefur löngum verið búið í eyinni, þótt ekki þætti það annmarkalaust. Ekki finnst vatn á henni ofan jarðar, en brunnavatn sémilegt. Bærinn stendur austan til á eyinni, í nánd við Skerklif, - og hefur öðru hverju staðið í eyði hin síðari ár. Þótt jafnan hafi verið fámennt í eyjunni, var þar þó einu sinni mannvæmt og gestir sumir mikils háttar. Þetta var árið 1220-21. Þá dvaldist þar í eyjunni Guðmundur biskup Arason með fylgdarliði sínu.⁵

Í Árbók Ferðafélagsins 2016 segir m.a. um Málmeysund:

Málmeysund fylgir einnig mikil saga því að þar var lengst af stundaður umfangsmikill búskapur til lands og sjávar en svo var að vísu ekki í Þórðarhöfða, þar sem var hins vegar mjög kunnur bústaður álfa fyrr á tíð – og er kannski enn - en auk þess var góð sauðfjárbætur þar.⁶ [...]

Eyjan er allstór, um 4 km á lengd og um 700 m á breidd þar sem breiðast er, en hún mjókkar til endanna. Hún er að miklu leyti gróin, víðast með þykkum sinuflóka en sums staðar er mikið og hávaxið hvannstóð í eyinni, einkum við bæjartóttirnar. Málmeysund liggur út af Sléttuhlíð en hún heyrði undir Hofshrepp fram til 1998. Milli hennar og lands kallast Málmeysund, um 5 km breitt. Eyjan er að vísu ekki nefnd í Landnámabók en búsetur þar hefur engu að síður hafist snemma og þótt góður kostur, því að seldarleg var eyjan talin miðað við fyrri búnaðarhætti. Kom þar bæði til gott slægjuland og bithagi en stutt var á miðin, enda var alltaf mikill útvegur frá Málmeysund meðan þar var búið að fornunum hætti. Bætti sjósóknin mjög hag Málmeysundarbænda og urðu þeir margir vel efnunum búnir.

Rétt er að geta þess að fornleifaathugun fór fram í Málmeysund árið 2012. Leiddi hún í ljós að þar hefur verið töluverð mannvist á þjóðveldisöld. Skoðuð voru bæjarstæði á tveimur stöðum í eyinni sem sýndu mikla mannvist þar fyrir 1104. Heiti eyjarinnar er sérstætt. Það mun ekki vísa til málma í almennum skilningi heldur til þess að þar sé tiltekinn jarðvegur, sandborinn og hafi fornmennt kallað sandmóbergið, sem eyjan er gerð úr, „málm“, sbr. hliðstæð heiti á ýmsum stöðum á Norðurlöndunum, svo sem Málmeysund í Svíþjóð, sem fyrrum hét Málmhaugar, þ.e. sandhólar eða þess háttar.

Eyjan er hæst að norðvestanverðu þar sem heitir Kaldbakur. [...] Syðsti hluti eyjarinnar nefnist Kringla og er hún skilin frá megineynni af skarði sem reyndar myndaðist ekki að ráði fyrr en frostveturinn mikla 1918. Suðurendi sjálfrar eyjarinnar kallast nú Landsendi. Þrjár hvíltir skerast inn í eyna vestanverða. Hin minnsta og jafnframt syðsta þeirra Kúahvammur. Norðar er hin langstærsta, Jarðfallið, sem er sérkennilegur staður. Víða um Jarðfallið eru háir en grannir mógrýtisdrangar, einu nafni kallaðir Strillur. Syðst í Jarðfallinu, í Syðra-Jarðfallinu eins og það er kallað, er aðallendingin, sem notuð var á síðari tímum, en fyrrum var lendingin utar, þ.e. í Ytra-Jarðfalli. Í Syðra-Jarðfalli var

⁵ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 183.

⁶ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfisdöllum, bls. 128-129.

ruddur vegur og þaðan sneiðingur upp á eyna og á síðari búskaparárum í eyinni var smíðuð sporbraut úr timbri þar upp á bakkann. Eftir henni mátti draga vagn hlaðinn varningi upp úr Jarðfallinu, og var spil notað til þess. Alveg undir búskaparlok var vegurinn niður í Jarðfallið gerður bilfær, enda var þá flutt vörubifreið út í eyna.

Útræði var stundað frá Jarðfallinu og verbúðir voru þar fyrrum við sjóinn. Lengst sást til tóttu tveggja búða og rústa af salthúsi sunnan við lendingarstaðinn en þær eru nú flestar löngu komnar í sjó eins og fleiri mannaminjar þar. Þó má enn greina grunnmál síðasta sjóhússins, sem stóð nokkuð uppi í brekkunni. Áður var sæmilegt að geyma báta uppi í fjörunni en fjaran hefur nú mjökkað til mikilla muna. Lending var aldrei talin góð í Málmei og var það hinn helsti ókostur á eyinni að mati fyrri tíðar manna. [...] Stuttu sunnan við Húsanesið er Skipadrangafjara. Eru þar margir og stórir drangar frammi í sjónum. Rétt fyrir sunnan Skipadrangana er Bæjargjá, þar sem er greiðfært upp á eyna, en fjara fyrir framan. Þar og í Klifi, sem er örlitlu sunnar, var gamall lendingarstaður fyrir smærri báta. Úr Klifi má einnig komast upp á eyna austanverða. Þar eru drangar tveir, Klifdrangar. Gataforvaðavík er um einum kílómetra sunnan við Klifið en sunnan hennar Selvík og er þá komið á eyjarenda.

Sagnir eru um að fyrrum hafi verið nokkrir bæir í Málmei. Með vissu er vitað um tvo bæi á fyrri tíð, en um langan tíma var þar þó einungis einn bær er stóð nálægt miðbiki eyjarinnar, austarlega. Hann fór í eyði eftir bæjarbruna 22. desember 1951. Þar bjuggu þá tvær fjölskyldur með mörg börn, alls 15 manns, en mannbjörg varð.⁷

Því skal haldið til haga að í Málmei var kirkja fyrr á öldum og heimilisprestur (þótt prestakallið hafi ekki verið stórt!). Bænhús stóð þar um langa hríð eftir að kirkja og prestskapur voru afnumin (heyrði undir prestinn í Felli í Sléttuhlíð) en þar var lagt af með konungsboði 1765 eins og var gert á sama tíma um margar kirkjur og bænhús víða um land.⁸

4.1.2. Heimildir um eyjur, sker og aðrar nafngreindar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem heyra undir jörð

4.1.2.1. Hraunhólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Hraun á Skaga:

Selveiði hefur áður verið góð í Hraunhólma, en nú í 12 ár aldeilis engin.⁹

4.1.2.2. Drangey

Í Jarðabók segir m.a. um Drangey:

Norðarlega undan þessari sveit fram á firðinum liggur ein ey, sem Drárangey kallast. Hana á Hólastaður og brúkar þar eggver. En bæði þessi sveit og so aðrar nálægt firðinum brúka þar fuglveiði við eyjuna, hvör so sem hann fær við komið, öldúngis tollfrí síðan í tíð Hr. Gísla. Þá þykjast menn heyrt hafa að til

⁷ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfsdölum, bls. 133-137.

⁸ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfsdölum, bls. 137.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 264.

stólsins hafi fallið einn fugl af hvörjum 20, en ekki hafi það staðið utan fáein ár.¹⁰

Eigandi Hólar.

[...] Aldrei hefur hjer byggð verið, getur og ekki verið því hjer vantar vatn, þar með er eyin allavegana ofurhátt bjarf, so að alleina í einum stað er mögulegt upp að oma, þó með stigum og handvöðum. Það er gagn eyjarinnar, að stóllinn hefur hjer eggver um vortíma, þó því eins að sigið er eftir í bjarg með stórkostnaðir, en undir eyjunni hefur meiri hluti heraðsins fuglveiðiá flekum með snörum um vortímann, er þessi fuglveiði öngvuð meinuð sem atorku til hafa, en eggverið í bjarginu eignar stóllinn sjer og brúkar alleina. Hitt er áður sagt hvað Hofskirkja til kallar en óreynt að hvörjum rjetti.¹¹

Þá segir í Jarðabók um jörðina Hóla:

Fuglveiði stólsins, eggver og sauðaganga á Drárangeyju er áður skrifuð í jarðabókinni yfir Höfðaströnd, þar sem eyin liggur fyrir landi.¹²

Einnig um jörðina Hof:

[...] og í Drárangey tvö festarhöld á Háusigum.¹³

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Drangey:

NA frá Reykjum liggur sú nafnkennda Drangey, freka viku sjóar. Hún hefir nafn af háum dranga skammt SV frá eyjunni, sem nú kallast almennt Kerlingin. Kippikorn norður frá eyjunni stendur lágur og digur klettur upp úr sjónum, er nefnist Karlinn. Hefir eyin jafnan fylgt að eign austurlandinu, þó þar á milli sé vel 2 ½ vika sjóar.¹⁴

Í Árbók Ferðafélagsins 1946 segir m.a.:

Aldrei hefur verið byggð í Drangey önnur en Grettis og féлага hans, en sauðfé hafa bændur haft þar framan af vetri. Er sagt, að 80 fjár væru þar, er Grettir settist þar að. (sjá svo frekari umfjöllun).¹⁵

Í Árbók Ferðafélagsins 2012 segir m.a.:

Drangey heyrði undir Hofshrepp, austan fjarðarins, allt til síðustu tíma.¹⁶

Í Árbók Ferðafélagsins 2016 segir m.a.:

¹⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 57.

¹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 57.

¹² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 217.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 265.

¹⁴ Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknalýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls. 23-24.

¹⁵ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 176.

¹⁶ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson. 2012. Árbók 2012: Skagafjörður vestan Vatna, frá Skagatá að Jökli, bls. 14.

Drangey hefur sérstöðu í hugum Skagfirðinga. Við hana er mikil og aldalöng atvinnusaga tengd meðan ótaldir Skagfirðingar sóttu matbjörg til hennar á vorin. Einnig er fléttuð við hana áhrifamikil hetjusaga úr heimi Íslendingasagna, því að þar hafðist við um hríð útlaginn kunnir Grettir Ásmundarson frá Bjargi ásamt Illuga bróður sínum og þar voru þeir felldir með brögðum eftir hetjulega vörn. [...] Málmei fylgir einnig mikil saga því að þar var lengst af stundaður umfangsmikill búskapur til lands og sjávar en svo var að vísu ekki í Þórðarhöfða, þar sem var hins vegar mjög kunnur bústaður álfa fyrir á tíð – og er kannski enn – en auk þess var góð sauðfjárbætur þar.¹⁷ [...]

Drangey er mynduð úr línu móbergi, enda hrynur mikið úr henni og sjór nagar af henni stött og stöðugt. Hún heyrir til ungrar móbergsmýndunar, á jarðsögulegan mælikvarða, innan við 700 þúsund ára gömul eins og Málmei og Þórðarhöfði. Hún er miklu minni um sig en Málmei eða Þórðarhöfði, en gagnsemi hennar sem „matarkistu“ var með eindæmum meðan fullar nytjar voru hafðar af henni bæði til fjárbeitar, heyskapar og þó einkum veiðifanga. Flatarmál hennar er ekki auðmælt en gæti þó verið nærfellt 0,3 km², lengdin hátt í kílómetri og meðaltalsbreidd líklega um 300 m. Eyjan er há og hrikaleg hvar sem á hana er lítið og víðast hvar er þar strandberg í sjó niður. Hæst er eyjan á svonefndu Mávanefi norðan Heiðnuvíkur, yfir 150 m.

Um gagnsemi eyjarinnar skal þess getið að oft gaf hún af sér 100.000 þúsund fugla og 8.000 til 10.000 egg, en dæmi eru þess að þar hafi fengist rúmlega 200.000 fuglar á einu vori og eggjafengurinn auk þess verið nokkru meiri en hér var nefnt. Er þá ógetið um allan fiskinn, sem þar veiddist, því að í Drangey var löngum mikið fiskiver jafnhliða því sem þar var fugla- og eggver. Verður með sanni sagt að nýmetið úr Drangey á vorin hafi bjargað fjölmörgum heimilum í Skagafirði frá búsvelti. Mátti þá löngum sjá miklar klyfjalestir, hlaðnar veiðifeng úr eyinni, silast fram um allan Skagafjörð. Héraðsbúum þótt líka vænt um eyna og kölluðu hana oft í gamni „vorbæru“ eða „mjólkurbú“ Skagfirðinga. Fjárbætur var einnig góð í eyinni og fé hvergi vænna en þar, auk þess sem þar var heyjað langt fram á tuttugustu öld.¹⁸ [...]

Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar mun Drangey hafa verið almenningur en síðar komst hún undir biskupshólinn á Hólum í Hjaltadal. Höfðu þá Hólabiskupar meginumráð yfir eyinni og mestar nytjar af fugli og fiskafli. En Drangey var heimtufrek á líf þeirra fullhuga sem þar sigu í björg við öflun matfanga.¹⁹ [...]

Drangey var um margra aldra skeið í eigu biskupsstólsins á Hólum í Hjaltadal, eins og fyrir segir, og ætla má að fyrir þann tíma, er beinn eignarréttur stólsins kom til sögu, hafi Hólastóll verið búinn að eignast þar ýmsar nytjar. Komst eyjan síðan í eigu Jakobs Havsteen Hofsóskaupmanns, þegar eignir stólsins voru seldar laust eftir 1800, en um þær mundir var biskupsdómur lagður af á Hólum. Skagafjarðarsýsla keypti síðan eyna úr einstaklingseign árið 1886, og

¹⁷ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfsdölum, bls. 128-129

¹⁸ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfsdölum, bls.139-141

¹⁹ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfsdölum, bls.142

mun ástæðan hafa verið sú að sýslunefnd vildi ekki að eyjan kæmist í eigu útlendinga. Er Drangey enn í opinberri eigu undir umsjón byggðaráðs en síðan 1886 hafa nýttjar hennar ætíð verið leigðar út, fyrst á vegum sýslunefndar, síðar héraðsnefndar og hin síðari árin sveitarstjórnar Skagafjarðar.²⁰

4.1.2.3. Þórðarhöfði

Í Árbók Ferðafélagsins 2016 segir m.a.:

Málmey fylgir einnig mikil saga því að þar var lengst af stundaður umfangsmikill búskapur til lands og sjávar en svo var að vísu ekki í Þórðarhöfða, þar sem var hins vegar mjög kunnur bústaður álfa fyrr á tíð – og er kannski enn - en auk þess var góð sauðfjárbætur þar.²¹ [...]

Hún [Drangey] heyrir til ungrar móbergsmýndunar, á jarðsögulegan mælikvarða, innan við 700 þúsund ára gömul eins og Málmey og Þórðarhöfði. Hún er miklu minni um sig en Málmey eða Þórðarhöfði, en gagnsemi hennar sem „matarkistu“ var með eindæmum meðan fullar nýttjar voru hafðar af henni bæði til fjárbeitar, heyskapar og þó einkum veiðifanga.²² [...]

4.1.2.4. Elínarhólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Viðvík:

Elínarhólmi er í sjónum fyrir innan árósin; þar hefur fyrrum nokkurt eggver verið en nú ekkert; hefur hann lagður verið til þessarar jarðar frá Miklabæ í Óslandshlíð fyrir högghrís og rifhrís á xii hesta á Viðvíkur skógum.²³

Í landamerkjabréfi Miklabæjar, dags. 14. maí 1889, sem þinglýst var á manntalsþingi að Horfi 12. júní 1889 segir m.a.:

[...] Jörðin Miklibær á selstöðuland í Deildardals afrjett, og þar frían upprekstur fyrir geldfjenað. Til forna, átti jörðin Miklibær í Óslandshlíð Elínarhólma (sem liggur fram undan Kolbeinsdalsárósi), en í stað tjeðs hólma á nú Miklibær 12 hesta högg og rifhrís, árlega á Viðvíkurskógi fyrir austan götur, eins og má sjá af máldagabók frá 1461 eptir Ólaf biskup Rögnvaldsson.²⁴

Í Árbók Ferðafélagsins 1946 segir m.a.:

Elínarhólmi nefnist smáey fyrir mynni Kolku, rétt við Kolkuós. Grösugt er þar, slægjur nokkrar og varpland. Hólminn fylgir nú Kolkuós, en lá fyrr undir Viðvík og Hólastað þar áður.²⁵

Í Árbók Ferðafélagsins 2014 segir m.a.:

²⁰ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfisdöllum, bls. 145-146.

²¹ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfisdöllum, bls. 128-129.

²² Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson, 2016. Skagafjörður austan vatna: frá Hjaltadal að Úlfisdöllum, bls.139-141.

²³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 208.

²⁴ Skagafjarðarsýsla, landamerkjabók 1883-1929, bls. 165.

²⁵ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 185.

Skammt undan landi við ósinn er allmikill hólmur, gróinn að hluta en einnig með klöppum við sjóinn, sem almennt kallast Elínarhólmi (nafnmyndin Helenarhólmi kemur fyrir í nokkrum eldri heimildum). Var þar fyrrum æðarvarp, er taldist til hlunninda klerksins í Viðvík.²⁶

4.1.2.5. Lundey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Bakka:

Ey ein liggur hjer fyrir framan í sjónum, hvar heyskapur er brúkaður með stórum kostnaði, að nafni Lundey. Er þar og varp nokkuð af lunda og æðarfugli, óskjaldan heppnast í þessari ey dúns eður fiðurtekja.²⁷

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um jörðina Bakka:

Bakki, 35 hndr., eftir jarðabókinni 1760 50 hndr., með eyðijörðinni Bakkakoti og Lundey áður talinni.²⁸

Í landamerkjabréfi Bakka dags. 12. maí 1890, sem þinglýst var á manntalsþingi að Viðvík 21. maí 1890 segir m.a.:

[...] Einnig á jörðin eyjuna Lundey á innanverðum Skagafirði, er liggur hjer um bil tæpa hálfu mílu vestur frá Bakka og fráan upprekstur í Kolbeinsdalsafrejt.²⁹

Í Árbók Ferðafélagsins 1946 segir m.a.:

Nokkru utar með ströndinni gengur lítið nes vestur í fjörðinn. Það heitir Karlsnes. Sunnan við það er Bakkavör, en jörðin Bakki stendur litlu innar á sjávarbakkanum. Beint þar undan blasir Lundey við, lág og vinaleg.³⁰

Um það bil 2-3 km norðvesturs frá ós Austur-Vatna liggur Lundey. Hún er lítil um sig og lágland, en gróin öll og grösug. Lundabyggð er þar mikil og einnig talsvert æðarvarp. Lundey er eign Bakka, en sá bær stendur á sjávarbakkanum gegnt eyjunni að austan, og heitir Lundeyjarsund á milli. Auk varphlunninda er heyjað þar, of oft þykir fiskisæld á sundinu. Eyjan prýðir fjarðarbotninn mikið. Hún er hlýleg og mild, ólík hinum stærri utar í djúpinu. Í stórbrimum gengur á hana sjór, en á lognkyrrum sumardögum er hún eins og lítill, angandi gróðurreitur á skyggðum haffletinum.³¹

Í Árbók Ferðafélagsins 2014 segir m.a.:

Fyrir landi Bakka er Lundey, gróin vel, um 6 hektarar að stærð, og tilheyrir hún Bakka.³²

²⁶ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson. 2014. Árbók: Skagafjörður austan Vatna: Frá Jökli að Furðuströndum, bls. 148.

²⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 205.

²⁸ Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknarlýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls. 128.

²⁹ Skagafjarðarsýsla, landamerkjabók 1883-1929, bls. 207.

³⁰ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 58.

³¹ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 185.

³² Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson. 2014. Árbók: Skagafjörður austan Vatna: Frá Jökli að Furðuströndum, bls. 142.

4.1.2.6. Ingveldastaðahólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Ingveldarstaði:

Eggver lítið og dúntekja þar í einum sjáfarhólma, sem nefnist Ingveldastaða hólmi, fer mjög til rýrðar. Lundatekja í sama hólmi lítil og valla með hlunnindum teljandi.³³

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a.:

Fyrir Reykjaströnd liggur engin ey nema Ingveldarstaðahólminn, fram undan þessum bæ, kippkorn frá landi; er grasvegur á honum, sem svarar ¼ vallardagsláttu. [...] Skarfakál fæst þar töluvert. Þrjú-fjögur lömb ganga þar af vetrarlangt, og stundum er slegið þar á vorum, þegar heylaust verður fyrir kýr þar á Ingveldarstöðum.³⁴

Eggvarp í Ingveldarstaðahólma. Þar er og lundatekja langt af sumri á flekum kringum holur þeirra.³⁵

Í Árbók Ferðafélagsins 1946 segir m.a.:

Ingveldarstaðahólmi er lítil eyjapúst norðaustur frá Ingveldarstöðum á Reykjaströnd utarlega. Eru á honum talsverðar nytjar í dún og eggjum.³⁶

Út og fram frá Ingveldarstöðum er Ingveldarstaðahólmi, smáeyja, gróin og nokkurt varpland.³⁷

Í Árbók Ferðafélagsins 2012 segir m.a.:

Næsti bær fyrir innan Reyki nefnist Ingveldarstaðir, gamalt góðbýli þar sem töluverður útvegur var stundaður, en Ingveldarstaðahólmi liggur allnokkuð frá landi; þar er æðarvarp.³⁸

4.1.2.7. Þursasker

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Kleifar dags. 20. maí 1890, sem þinglýst var á manntalsþingi á Skefilsstöðum 28. maí 1890 segir m.a.:

[...] Ennfremur liggur hálf Þursasker undir jörðina, ef það liggur fyrir merkjum. Öll fjara og allur reki hvals og viðar er jarðarinnar óátalin eign.³⁹

Þá segir um landamerki milli Kleifar og Ketu dags. 29. maí 1890, sem þinglýst var á manntalsþingsi á Skefilsstöðum 28. maí 1890 segir m.a.:

³³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Skagafjarðarsýsla (IX. bindi), bls. 34.

³⁴ Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknalýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls.

³⁵ Bókaútgáfan Norðri, 1954, Sýslu- og Sóknalýsingar: Skagafjarðarsýsla, bls. 38.

³⁶ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 185.

³⁷ Ferðafélag Íslands, Hallgrímur Jónasson, 1946. Árbók: Skagafjörður, bls. 120.

³⁸ Ferðafélag Íslands, Páll Sigurðsson. 2012. Árbók: Skagafjörður vestan Vatna, frá Skagatá að Jökli, bls. 58.

³⁹ Skagafjarðarsýsla, landamerkjabók 1883-1929, bls. 264.

[...] Ennfremur hálf þússaker ef það liggur fyrir merkjum.⁴⁰

4.1.3. Aðrar eyjur, sker og aðrar nafngreindar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem getið er í heimildum

4.2. Húnavatnssýslur

4.2.1. Heimildir um eyjur í byggð

Ekki hafa fundist heimildir um eyjur í byggð innan þessa hluta kröfuvæðisins.

4.2.2. Heimildir um eyjur, sker og nafngreindar landfræðilegar einingar ofan sjávar sem heyra undir jörð

4.2.2.1. Eyjarey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Neðrakot:

Eggvarp lítið er í hólma í sjónum þar fyrir framan, hefur áður að dún og eggjum gott gagn verið, en bregst nú mjög og er oftast að litlu gagni. Þessi hólmi er kallaður Eyjarey.⁴¹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Syðriey og Eyjarey:

Syðriey og Syðrieyarkot (Eyarkot). Syðriey er litlum spöl norðar en Ytrihóll, og Eyarkot enn litlu norðar, og ná saman túnin. Syðriey var að fornu talin 60 hndr., en hefur stigið upp í 117 hndr., og veldur því æðarvarp í Eyarey, en þar mun vera um 60 punda varp. Eyarey stendur rétt ofan undan bænum Syðriey eða litlu utar, og er hún líklega sú ey, er Olavíus kallar „Insteö“ og segir selveiði, en engin er þar selveiði nú.⁴²

Ey er engin nema varpeyin og Eyarey, skammt frá meginlandinu. Þar eru slægjur talsverðar.⁴³

Getið hefur verið um eggvarp í Eyarey og Kollugerðistjarnarhólma. [...] Skarfakál í Eyarey, en ekki hagnýtt.⁴⁴

Í Árbók Ferðafélagsins 2007 segir m.a. um Eyjarey:

Milli Laxár og Hallár: Fyrir norðan Ósvík er Spánska nöf og stuttu ofar eru fornar reiðgötur og áttu þar að hafa fallið spænskir sjóræningjar. Er þarna snarbratt niður í fjöru. Rif er úti fyrir ströndinni en mikið fuglalíf í björgunum.⁴⁵ [...] Ofan af Sléttárdal koma Syðri- og Ytri-Eyjará og er Eyjartorfan, Syðri-Ey, Eyjarkot og Ytri-Ey, á bökkum þeirra. Út í sjóinn gengur Eyjarnes, beint út af því er Eyjarey og nokkur sker, Svartaker og Selkonuhóll, og mátti vanta þar reka í vissum áttum. Einnig var hér sölvafjara. Unnt er að ganga út í Eyjarey

⁴⁰ Skagafjarðarsýsla, landamerkjabók 1883-1929, bls. 270.

⁴¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 441.

⁴² Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknalýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 151.

⁴³ Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknalýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 154.

⁴⁴ Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknalýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 155.

⁴⁵ Ferðafélag Íslands, Jón Torfason. 2007. Árbók: Húnaþing eystra, frá jöklum til ystu stranda, bls. 174-175.

um stórstraumsfjöru. Þar var æðarvarp og jafnvel slægjur. Eyjan tilheyrir Syðri-Ey.⁴⁶

4.2.2.2. Torfasker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Vík:

Eggver á jörðin í sjáfarskeri því, er Fáskrúð heitir; það er af æðarfulgi, hefur oft gagnvænt verið til forna, en legst mjög frá síðan hallæri og hafisreki hafa vorkuldum ollað; þó ei örvænt að aftur komi, þegar guð vill hallæri ljetti. Dúntekja hefur verið eftir því meiri eður minni, sem árað hefur til eggvers. Selveiði er heima á jörðunni gagnvænleg og þó misært, stundur fyrir hafísi nær engin. Í áður nefndu skeri, Fáskrúð, hefur oft verið selveiði merkileg, bæði með nótlögum og uppídrápi. Til þess þarf ástundan og erfíði mikið, en hefur oft heppnast til stórra gagnsmuna. Stundum hefur það alls ekki til gagns orðið, þegar hafís hefur gjört sjó ófæran og bjargir bannað. Annað selveiðisker, sem bæði þessi jörð og jörðin Krossanes brúka að hálfu hvorir, heitir Torfasker. Það er flæðisker; bæði eru hjer netlög og uppídráp allskjaldan.⁴⁷

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Vík:

Skert er að geta út undan nesinu, milli Víkur og Krossaness, að nafni Torfi. Selveiði í því tilheyrir bæði Vík og Krossanesi. Vík var áður talin með betri rekajörðum. Hún er hálf klausturjörð, en hálf kirkjújörð frá Vesturhópshólum. Landskuld af jörðu þessari er yfir allt hóf, síðan rekinn, er áður fylgdi jörðinni og innifalinn var í landskuldum, var burtu tekinn – og að parti til eftirgjalds upp boðinn og tilsleginn hæstbjóðanda án þess að nokkuð slakað yrði til í landskuld nefndrar jarðar.⁴⁸

Í landamerkjabrefi jarðarinnar Hindisvíkur dags. 12. maí 1885, sem lesið var fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 27. maí 1885 segir m.a.:

Að norðan frá Markvíkurhöfða til Háusnasar; þaðan beina línu til vörðu á Keldumynnisholti, og sömu línu til vörðu á Krossanefsfellshala; frá henni til upptaka Bjarkalækjar, og ræður síðan sá lækur, þar til er hann fellur fram úr Bjarkabungu, og svo þaðan beina sjónhending vestur til sjáfar í svokallaðan Gulaklett, norðan til við Skipagarðavík. – Á svæði því, er sjór girðir Hindisvíkurland, er eyðiskerið Fáskrúð, sem að öllu leyti tilheyrir nefndri jörðu, og sömuleiðis varpskerið Kálklettur, og ennfremur skerið Torfi norður undan vestari Markvík, þó þannig að jörðin Krossanes á hálfan reka og hálfu veiði í nefndu Torfaskeri móts við Hindisvík.⁴⁹

Í landamerkjabrefi jarðarinnar Krossaness dags. 13. maí 1886, sem lesin var upp á manntalsþingi að Stóruborg 9. júní 1886 segir m.a.:

⁴⁶ Ferðafélag Íslands, Jón Torfason. 2007. Árbók: Húnaþing eystra, frá jöklum til ystu stranda, bls. 175.

⁴⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 161.

⁴⁸ Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknarlýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 35.

⁴⁹ Húnavatnssýsla, landamerkjabók 1884-1944, bls. 22.

Að sunnanverðu ræður Þórsá merkjum frá ósi fram að Klængsskarðslæk, sunnan við Krossanesfell; eru merki þaðan um læk þann beint upp í Klængsskarð, og sömu línu áfram til vesturs, gegnt hæstu Flatnefsstaðafelli; þaðan norður um Flatnesstaðafell til vörðu á Krossanefsfallshala; þaðan til vörðu á Keldumynnisholti, og sömu línu frá þeirri vörðu um Háunös norður í Markvíkurhöfða. Við skerið „Torfa“ norður undan vestari Markvík í Hindingsvíkurlandi á Krossanes hálfan reka og hálfu veiði.⁵⁰

Í Árbók Ferðafélagsins 1958 segir m.a.:

Skammt út af Nestá er áberandi sker, sem Torfi (Torfasker) heitir. Það er flæðisker, og á Hindisvík það að hálfu til jafns við Krossanes.⁵¹

Í Árbók Ferðafélagsins 2015 segir m.a.:

Út af Nestánni er skerið Torfi eða Torfasker og á að hafa nafn af manni er þar hafi druknað. Þar liggur oft mikið af sel sem og á Fáskrúð og öðrum skerjum með landinu. Segir í Jarðabókinni 1705 að Torfasker sé brúkað til selalagna bæði frá Vík og Krossanesi, enda liggja mörk jarðanna um skerið.⁵²

4.2.2.3. Fáskrúð

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Vík:

Eggver á jörðin í sjáfarskeri því, er Fáskrúð heitir; það er af æðarfulgi, hefur oft gagnvænt verið til forna, en legst mjög frá síðan hallæri og hafísreki hafa vorkuldum ollað; þó ei örvænt að aftur komi, þegar guð vill hallæri ljetti. Dúntekja hefur verið eftir því meiri eður minni, sem árað hefur til eggvers. Selveiði er heima á jörðunni gagnvænleg og þó misært, stundur fyrir hafísi nær engin. Í áðurnefndu skeri, Fáskrúð, hefur oft verið selveiði merkileg, bæði með nótlögum og uppídrápi. Til þess þarf ástundan og erfiði mikið, en hefur oft heppnast til stórra gagnsmuna. Stundum hefur það alls ekki til gagns orðið, þegar hafís hefur gjört sjó ófæran og bjargir bannað. Annað selveiðisker, sem bæði þessi jörð og jörðin Krossanes brúka að hálfu hvorir, heitir Torfasker. Það er flæðisker; bæði eru hjer netlög og uppídráp allskjaldan.⁵³

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Vík (Hindisvík):

Hindisvík [...] Vík er harðindajörð, útslægjulaus og landlítill. Lítil sjávarvík hverfur þar inn með nesinu, skerjött, brimótt og nú um stundir arðlítill. Áður var þar töluverð selveiði, einkum í eyju þeirri, er Fáskrúð heitir og liggur vísu viku sjávar í haf út frá víkinni.⁵⁴

⁵⁰ Húnavatnssýsla, landamerkjabók 1884-1944, bls. 62.

⁵¹ Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1958. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla, bls. 72.

⁵² Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrótafjarðará að Gljúfurá, bls. 168.

⁵³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 161.

⁵⁴ Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknarlýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 35.

Í landamerkjabrefi jarðarinnar Hindisvíkur dags. 12. maí 1885, sem lesið var fyrir manntalsþingsrjetti Húnavatnssýslu að Stóruborg 27. maí 1885 segir m.a.:

: Að norðan frá Markvíkurhöfða til Háusnasar; þaðan beina línu til vörðu á Keldumynnisholti, og sömu línu til vörðu á Krossanefsfellshala; frá henni til upptaka Bjarkalækjar, og ræður síðan sá lækur, þar til er hann fellur fram úr Bjarkabungu, og svo þaðan beina sjónhending vestur til sjáfar í svokallaðan Gulaklett, norðan til við Skipagarðavík. – Á svæði því, er sjór girðir Hindisvíkurland, er eyðiskerið Fáskrúð, sem að öllu leyti tilheyrir nefndri jörðu, og sömuleiðis varpskerið Kálklettur, og ennfremur skerið Torfi norður undan vestari Markvík, þó þannig að jörðin Krossanes á hálfan reka og hálfa veiði í nefndu Torfaskeri móts við Hindisvík.⁵⁵

Í Árbók Ferðafélagsins 1958 segir m.a.:

Skammt út af Hindisvík er lítil ey, sem Fáskrúð heitir. Þar er selur og varp.⁵⁶

4.2.2.4. Geldingahólmi

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Illugastaði:

[...]Hætt er kvikfje við sjáfarflæðum þar sem Geldingahólmi heitir.⁵⁷

4.2.2.5. Illugastaðasker / Tangar / Kirkjusker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Illugastaði:

[...] Eggver af æðarfugli hefur nokkuð verið í sjáfarhólum þeim, sem kallaðir eru Illugastaðasker, það fer nú í næstu tvö ár heldur í vöxt en þurð. Fyrir fám árum áður var það nær ekkert en til forna betra. Nú hafa þar í næstum tvö ár fengist á sumri eitt eður hálft annað hundrað eggja og æðardún að því skapi. Selveiði hefur að fornu verið gagnvæn, en um næstliðið hallæri mjög lítil, vex nú heldur þegar so ratast.⁵⁸

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Illugastaði:

Jörð þessi, mætti hún njóta sín, yrði hér helzt með gagnsemi talin, í því standi sem hún nú er, þar maðurinn, sem hér býr, hefur aftur á komið eggveri því, er í fyrndinni skal hér hafa verið. Þá hann kom til jarðarinnar, urpu þar 10 eða 12 æðar, en nú fær hann hér um 20 pund dúns, þá í ári lætur. Kirkjuskerið, er áfast er túninu, var áður ónýtt, en nú alþakið tilbúnum hreiðrum. Líka er hann nú að umgirða ey litla, út í hverja fénaður fer með fjörunni, til að reyna til að koma æðarvarpinu þar á, og er steingarður sá unda mikið verk.⁵⁹

Í Árbók Ferðafélagsins 2015 segir m.a.:

⁵⁵ Húnavatnssýsla, landamerkjabók 1884-1944, bls. 22.

⁵⁶ Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1958. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla, bls. 72.

⁵⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 140.

⁵⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 140.

⁵⁹ Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknarlýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 37.

Á 19. öld voru einnig þekkt nöfnin Kirkjuvík og Kirkjusker en ekki eru þau í tali fólks lengur; væntanlega er Kirkjuskerið það sem nú nefnist Stóra-Hjallasker vestur af Kirkjutanga og Kirkjuvík kallast nú Kvíavík eftir „steinkvíunum“ við klettinn ofan við víkina.⁶⁰ [...]

Skerin og tangarnir á Illugastöðum kallast nú einu nafni Tangar en eru í Jarðabókinni 1705 nefnd Illugastaðasker. Þar hefur lengi verið æðarvarp og í seinni tíð hið mesta á Vatnsnesi. Hagar það vel til enda hefur varpinu verið sinnt af mikilli natni og hefur það gefið góðan arð í flestum árum. Árið 1705 var varpið í sjávarhólmunum og fór heldur vaxandi; fáum árum fyrr hafði það nær ekkert verið en sagt til forna betra.⁶¹

Séra Ögmundur segir í sóknarlýsingu sinni að maðurinn sem þá býr á Illugastöðum, hann á við Guðmund Ketilsson, hafi aftur komið á eggveri því sem hér skyldi forðum hafa verið, en er hann kom þangað hafi orpið þar 10-12 æðar. Nú kveður hann bóndann fá 20 pund dúnar þegar bezt lætur, munu því hafa orpið þar um 600 kollur því að um eitt kíló af hreinsuðum dúni mun fást úr 60 hreiðrum. Segir hann og að Kirkjuskerið, sem áður var ónýtt, sé nú alþakið tilbúnum hreiðrum [...].⁶²

Illugastaðir standa á sjávarbakkanum við litla vík, og eru margir hólmar og sker fyrir landi.⁶³ Um Illugastaði og G. Ketilsson er til skemmtilegur vitnisburður, eftir prestinn á Tjörn, árið 1840: „Hér er fegurst á öllu Vatnsnesi. Valda því skerjavíkur þær, er upp í túnið ganga, og þar eru á sléttu tún, þótt sárasnöggi séu, líka afstaða bæjarins frá fjallinu á sjálfléttum, grasþöktum tanga, fyrir utan hvern að skerin liggja. [...] Maðurinn, sem hér býr, hefur aftur á komið eggveri því, er í fyrndinni skal hér hafa verið. Þá hann kom til jarðarinnar urpu þar 10 eða 12 æðar, en nú fær hann sér 20 pund dúnar, þá í ári lætur. Kirkjuskerið, er áfast er túninu, var áður ónýtt, en nú alþakið tilbúnum hreiðrum. Líka er hann að umgirða ey litla, út í hverja fénaður fer með fjörinni, til að reyna til að koma æðarvarpinu þar á, og er steingarður sá undramikið verk....⁶⁴

4.2.2.5. Eyja / Bakkaeyja

Í Árbók Ferðafélagsins 2015 segir m.a.:

Séra Ögmundur segir í sóknarlýsingu sinni að maðurinn sem þá býr á Illugastöðum, hann á við Guðmund Ketilsson, hafi aftur komið á eggveri því sem hér skyldi forðum hafa verið, en er hann kom þangað hafi orpið þar 10-12 æðar. Nú kveður hann bóndann fá 20 pund dúnar þegar bezt lætur, munu því hafa orpið þar um 600 kollur því að um eitt kíló af hreinsuðum dúni mun fást úr 60 hreiðrum. Segir hann og að Kirkjuskerið, sem áður var ónýtt, sé nú alþakið tilbúnum hreiðrum, einnig að bóndinn sé þá að umgirða ey litla, sem fénaður fari oft út í á fjörinni, til að reyna að koma þar á æðarvarpi, og sé

⁶⁰ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrútafjarðará að Gljúfurá, bls. 144.

⁶¹ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrútafjarðará að Gljúfurá, bls. 146-147.

⁶² Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrútafjarðará að Gljúfurá, bls. 148.

⁶³ Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1958. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla, bls. 67.

⁶⁴ Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1958. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla, bls. 68-69.

steingarður sá undra mikið verk. Þetta er Eyjan svonefnda fram af Eyjarbakka, sem síðar kallaðist Bakkaeyja, þar var síðan lengi mikið varp.⁶⁵ [...]

Eyjabakki var húsmannsbýli skammt utan við túnið á Illugastöðum. Þar byggði fyrst Eyjólfur Guðmundsson, Ketilssonar, bæ um miðja 19. öld, líklegast 1855. Búið var á Eyjarbakka fram til ársins 1887, þá féll býlið í auðn og lagðist á ný undir Illugastaði, var enda aðeins hjáleiga þaðan en hafði grasnyt, og einnig var mikið æðarvarp í Eyjunni svonefndu sem býlið dró nafn af og naut það varpsins. Eyjan kallast nú Bakkaeyja og er því kennd við býlið nú eins og býlið fyrr við eyjuna.⁶⁶

4.2.2.6. Stapasker

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Ytri Stapa:

Eggver hefur verið nokkuð af æðarfugli í sjáfarhólma, sem kallaður er Stapasker, en það er nú mestan part eytt, því að sjáfarrot hefur barið jarðlendið og grasnautn alla í burtu; þó kunna þar enn að finnast 20 eður litlu meira egg í leit.⁶⁷

4.2.2.7. Naggur, Malarsker og Klettsker

Í Árbók Ferðafélagsins 2015 segir m.a.:

Stapakot, stóð þar sem bærinn í Stöpum er nú og á 19. öld var önnur hjáleiga þar, Litlibær. Árið 1845 eru fjórir bændur í Stöpum og alls 18 manns á heimilunum. Stapar voru hlunnindajörð, bæði selveiði og reki og æðarvarp fyrrum, einkum í Naggi, Malarskeri og Klettskeri, en það mun lítið nú.⁶⁸

4.2.2.8. Hrótey

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Melstað:

Eggver á og hefur staðurinn í Hrótey, sem liggur á Hrótafirði fram undan Tannstaðabakka; vide niðurlagið á jarðabókinni yfir Hrótafjörð. Á Hrótey er æðareggja von og nokkurs dúns, þar er ogso lundatekju von; er dúntekjan skjaldnast yfir hálfan fjórðung, oft minna. Lundatekjan er 40 eður lítið meir eður litlu minna. Selveiði á staðurinn í Hrótey og verður hún oft að gagni.⁶⁹

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir m.a. um Hrótey:

Fram undan Tannstaðabakka í Staðarsókn og gagnvart Hlaðhamri, fyrir vestan fjörðinn, liggur Hrótey, er tilheyrir Melstaðarkirkju. Hún er óbyggð, en grösug og með æðarvarpi, hér um bil 16 daga sláttur að stærð, eftir sögn kunnugra manna. Er hún reyndar tvær eyjar, ei allágar, með eiði á milli, sem flýtur yfir, þegar hásjávað er. Austur af henni og nær landi liggur Sker svokallað. Það er tæp dagsláttu að stærð, lágt og flatt, graslítið, með góðu æðarvarpi, og tilheyrir

⁶⁵ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrótafjarðará að Gljúfurá, bls. 148.

⁶⁶ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrótafjarðará að Gljúfurá, bls. 150.

⁶⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 138.

⁶⁸ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrótafjarðará að Gljúfurá, bls. 143.

⁶⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýsla (VIII. bindi), bls. 33.

það líka Melstaðarkirkju. Suður af skerinu stendur klettur sá, er Sléttbakur heitir, upp úr sjónum. Hann er gæðalaus, því að brimlöður gengur yfir hann. Í Hrótey fæst hér um bil kýrfóður af góðu heyi; þar er og fjárganga góð á haustum. Þar og á skerinu vaxa hvannir og skarfakál. Æðarvarpið mun gefa af sér nálægt 30 pd. dúns árlega. Við skerið mætti og hafa sellátur.⁷⁰

Í landamerkjabréfi Melskirkju dags. 20. júní 1890, sem lesin var upp á manntalsþingi að Svarðbæli 5. júní 1891 segir m.a.:

Undir Melskirkju liggja tvær varpeyjar á Hrótafirði, er Hróteyjar nefnast, vestur af Tannstaðabakka, og sker suður af þeim, sem einnig er góður varphólmi.⁷¹

Í Árbók Ferðafélagsins 1958 segir m.a.:

Nær miðjum firði er Hrótey, vestur af Laugastapa eða lítið utar. Hún er röskir 6 hektarar að flatarmáli, grösug en óbyggð, eign Melstaðarkirkju. Sóknarlýsing Þórarins Kristjánssonar 1848 segir um Hrótey: „Er hún raunar tvær eyjar, ei allágar með eiði á milli, sem flýtur yfir, þegar hásjávað er. Austur af henni og nær landi liggur Sker svokallað. Það er tæp dagsláttu að stærð, lágt og flatt, graslítið, með góðu æðarvarpi og tilheyrir það líka Melstaðarkirkju. Suður af Skerinu stendur klettur sá, er Sléttbakur heitir, upp úr sjónum. Hann er gæðalaus, því að brimlöður gengur yfir hann. Í Hrótey fæst hér um bil kýrfóður af góðu heyi. Þar er og fjárganga góð á haustum. Þar og á Skerinu vaxa hvannir og skarfakál. Æðarvarpið mun gefa af sér nálægt 30 pd. dúns árlega.“ Nú mun æðarvarpið að mestu hætt.⁷²

Melstaður er kostajörð í sjálfu sér. Þar er grasgefið engi í Melsnesi, útbeit kjarngóð og óþrjótandi, jarðvegur frjór og vel til ræktunar fallinn. Mörpúfa heitir barð sunnan við túnið. Nafnið er táknrænt. Auk þess hefur verið uppgripa laxveiði í Miðfjarðará, dúntekja í Hrótey og víða rekaítök, m.a. á Kolbeinsá á Ströndum. Flest ítök hafa nú verið seld.⁷³

Í Árbók Ferðafélagsins 2015 segir m.a.:

Hrótey er hér skammt undan landi út af Varparanesi og er frá fornu fari eign Melstaðarkirkju. Þar er nokkurt æðarvarp. Eyjarnar eru í rauninni tvær, Stóra-ey og Litla-ey, og að auki eru smásker. Á milli eyjanna kallast Eyjasund og svo nefnist fjörðurinn vestan við Hrótey. Austur af Stóru-ey er svonefnt Sker og suður af því smáey, Sléttbakur, en Varpsker er norðvestar.⁷⁴ Árið 1848 segir að í Hrótey fáiist um 30 pund dúns árlega, ættu því að hafa verið þar um 900 hreiður, því að talið er að eitt kíló af dúni fáiist úr 60 hreiðrum. Einnig var heyjað

⁷⁰ Bókaútgáfan Norðri, 1950, Sýslu og Sóknalýsingar: Húnavatnssýsla, bls. 12.

⁷¹ Húnavatnssýsla, landamerkjabók 1884-1944, bls. 287.

⁷² Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1958. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla, bls. 35.

⁷³ Ferðafélag Íslands, Jón Eyþórsson. 1958. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla, bls. 41.

⁷⁴ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrótafjarðará að Gljúfurá, bls. 38.

í eyinni fyrrum og fékkst þar um kýrfóður af góðu heyi, einnig var þar fjárganga á haustum.⁷⁵

4.2.2.9. Eyjur, sker o.fl. fyrir landi Hafnar

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Hafna dags. 4. ágúst 1886, sem lesin var upp á manntalsþingi að Viðvík 23. maí 1889 segir m.a.:

Landamerkjaskrá fyrir þjóðjörðinni Höfnum í Vindhælishreppi. [...] Höfnum fylgja allar eyjar og sker fyrir landi jarðarinnar, samt reki allur.⁷⁶

4.2.3. Heimildir um aðrar eyjur, sker og landfræðilegar einingar ofan sjávar sem getið er í heimildum

Spákonufell.⁷⁷

5. KRÖFUSVÆÐI OG RÖKSEMDIR

5.1. Almennt

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að allar eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta D, Norðurland Vestra, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998. Tekur krafa ríkisins til allra nafngreindra og að öðru leyti tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem taldar eru í kafla 5.2 og allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga, sbr. kafla 5.3. Í kafla 5.4 eru taldar þær eyjar, sker og landfræðilegu einingar sem krafa ríkisins tekur *ekki* til.

Byggt er á því að þær eyjar, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem krafa ríkisins tekur til, sbr. kaflar 5.2 og 5.3, hafi verið utan landnáms, nema annað sé tekið sérstaklega fram. Af frásögnum Landnámu er einstakra kröfusvæða ýmist ekki getið eða getið án þess að unnt sé að ráða hvort þar hafi menn hafið búsetu eða einungis farið þar um. Af frásögnum Landnámu verður því ekki ráðið að landnám hafi náð til kröfusvæðanna. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir dregnar af þeim lýsingum um stofnun beins eignarréttar yfir svæðunum í öndverðu. Verði talið að svæðin kunni að hafa verið numin í heild eða að hluta er á því byggt að það hafi verið til takmarkaðra nota, eða þá hitt, að beinn eignarréttur, sem þannig kann að hafa stofnast í öndverðu, hafi fallið niður og svæðin síðar verið tekin til takmarkaðra nota annarra.

Á því er einnig byggt að af fyrirliggjandi heimildum, sbr. kafla 4 hér að framan, verði ekki ráðið að stofnast hafi til beins eignarréttar að kröfusvæðunum með öðrum hætti. Af fyrirliggjandi heimildum verður ekki annað ráðið en að á því marki sem kröfusvæðin hafa verið nýtt þá hafa þau eingöngu verið nýtt með takmörkuðum hætti eða til nýtingar á tilteknum hlunnindum, í flestum tilvikum til beitar, fuglaveiði og eggjatöku. Þrátt fyrir að heimildir bendi til þess í einhverjum tilvikum að tilteknar jarðir eða tilteknir aðilar hafi kallað til réttinda á einstökum kröfusvæðum, þá benda þær heimildir ekki til þess að slíkt tilkall hafi eða geti grundvallast á

⁷⁵ Ferðafélag Íslands, Þór Magnússon, 2015. Árbók: Vestur-Húnavatnssýsla: Frá Hrutafjarðará að Gljúfurá, bls. 38.

⁷⁶ Húnavatnssýsla, landamerkjabók 1884-1944, bls. 88.

⁷⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Húnavatnssýslur (VIII. bindi), bls. 451.

beinum eignarrétti, auk þess sem óljóst er hvernig viðkomandi jarðir eða aðilar voru tilkomnar að þeim réttindum.

Þá er á því byggt að landfræðilegar aðstæður bendi sérstaklega til þess að ekki hafi stofnast til beins eignarréttar að kröfusvæðunum. Um er að ræða eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem hafa verið og eru ekki vel fallnar til búsetu, þrátt fyrir að eftir atvikum hafi verið unnt að hafa af þeim ýmsar nytjar. Að því marki sem heimildir benda til þess að búseta hafi verið á kröfusvæðunum virðist hafa verið um að ræða takmarkaðar og stopular tilraunir þar að lútandi.

Vísast hér að öðru leyti til 4. kafla kröfulýsingar þessarar, þar sem teknar hafa verið saman fyrirliggjandi heimildir um hvert svæði.

Tekið skal fram að kröfulýsing þessi byggist á þeim heimildum sem liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og Landsréttar, eftir því sem við á, sem og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

5.2. Nafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að eftirfarandi nafngreindar og að öðru leyti tilgreindar eyjur, sker og aðrar landfræðilegar einingar sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsföruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta D, Norðurland Vestra, teljist þjóðlenda í skilningi 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998:

1. *Hraunbólmi*
2. *Drangey*
3. *Þórðarhöfði*
4. *Elínarbólmi*
5. *Lundey*
6. *Ingveldastaðabólmi*
7. *Þursasker*
8. *Eyjarey*
9. *Torfasker*
10. *Fáskrúð*
11. *Geldingabólmi*
12. *Illugastaðasker*
13. *Tangar*
14. *Kirkejusker*
15. *Eyjia / Bakkaeyja*
16. *Stapasker*
17. *Naggur*
18. *Malarsker*

19. *Klettsker*
20. *Hrútey*
21. *Bræðrabólmi*
22. *Akursbólmar*
23. *Hjaltabakkabólmi*
24. *Þröskuldur*
25. *Grunney*
26. *Landey*
27. *Djúpey*
28. *Kolksker*
29. *Gvendarböð*
30. *Stórfiskur*
31. *Vaðgeir*
32. *Múlaey*
33. *Brúnkolla*
34. *Bjargastapi*
35. *Kerlingarbjarg*
36. *Rífsbjarg*
37. *Þrándarrif*
38. *Þrándarbjarg*
39. *Rífsbjarg*
40. *Bóndaklettur*
41. *Miðlungur*
42. *Skarfur*
43. *Landey*
44. *Djúpeyjar*
45. *Múlaey*
46. *Vaðgeir*
47. *Stórfiskur*
48. *Gvendarböð*
49. *Atlasker*
50. *Ingveldarstaðabólmi*
51. *Skarfasteinar*
52. *Kirkjuflös*
53. *Innstalandssker*
54. *Brúareyja*
55. *Lundey*

56. *Brimnes*
57. *Elínarbólmi*
58. *Yzti-klettur*
59. *Miðklettur*
60. *Syðstiklettur*
61. *Æðarsker*
62. *Ingveldarstaðabólmi*
63. *Innstalandssker*
64. *Sævarlandsstapi*
65. *Þursaker*
66. *Skarfasteinar*
67. *Hjalti*
68. *Dyrasker*
69. *Sævarlandsstapi*
70. *Berg*
71. *Kerling*
72. *Þursi*
73. *Staðarbólmar / Eyrar*
74. *Hrútey - Stóra-ey og Litla-ey*
75. *Sker*
76. *Sléttbakur*
77. *Varpsker*
78. *Hvalvíkursker*
79. *Skarfasteinn*
80. *Grámannabóði*
81. *Ögmundarsker*
82. *Lagnarhlein*
83. *Naggur*
84. *Malarsker*
85. *Klettsker*
86. *Kirkjusker*
87. *Stóra-Hjallasker*
88. *Smíðjuskur*
89. *Illugastaðasker / Tangar*
90. *Bakkaeyja*
91. *Dyrasker*
92. *Torfi*

- 93. *Torfasker*
- 94. *Fáskerúð*
- 95. *Þyrsklingur*
- 96. *Brandstangaboðar*
- 97. *Naggar*
- 98. *Brimilsvík*
- 99. *Brimilsvíkursker*
- 100. *Stoðir*
- 101. *Mariúsker*
- 102. *Súlur*
- 103. *Hvítserkur*
- 104. *Selsker*
- 105. *Vesturbóp*

5.3. Ónafngreind svæði innan kröfu íslenska ríkisins

Af hálfu íslenska ríkisins er áréttað að auk framangreindra nafn- og tilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar tekur krafa ríkisins jafnframt til allra annarra ónafngreindra og ótilgreindra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga sem eru ofansjávar á stórstraumsfjöru á svæði sem afmarkast annars vegar af stórstraumsfjöruborði meginlandsins og hins vegar af ytri mörkum landhelginnar á þeim hluta svæðis 12 sem fellur innan hluta D, Norðurland Vestra. Fyrir liggur að um slík svæði er að ræða, en að um þau er ekki fjallað í heimildum og þau ekki merkt á kort, þannig að unnt sé að nafngreina eða tilgreina þau með öðrum skýrum hætti.

Tekið er fram að áskilinn er réttur til að bæta eyjum, skerjum og öðrum landfræðilegum einingum inn í kafla 5.2 kröfulýsingar þessarar um nafngreind og að öðru leyti tilgreind svæði, eftir því sem heimildaöflun og rannsóknarvinnu vindur fram undir rekstri málsins. Af hálfu ríkisins er litið svo á að í slíku muni ekki felast aukning á kröfum ríkisins, heldur að svæði séu færð úr kafla 5.3 um ónafngreind svæði í kafla 5.2 um nafngreind svæði.

5.4. Utan þjóðlendukröfu íslenska ríkisins

Þjóðlendukrafa íslenska ríkisins tekur ekki til Málmeyjar. Er í því sambandi meðal annars litið til þess að um er að ræða eyju sem var í byggð í meira en 20 ár frá gildistöku laga nr. 46/1905 um hefð. Tekið er fram að hér er aðeins átt við meginland ofangreindrar eyju. Þjóðlendukrafa ríkisins nær hins vegar til allra eyja, skerja og annarra landfræðilegra eininga ofansjávar á stórstraumsfjöru umhverfis eyjuna, þrátt fyrir að slíkar landfræðilegar einingar kunni í einhverjum heimildum að teljast tilheyrja eyjunni eða vera hluti hennar. Sjá að öðru leyti kafla 5.2 og 5.3 kröfulýsingar þessarar.

6. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa

Þjóðlendukröfur inn á kröfukort, svo og til að gera breytingar á kröfulínum þar sem það á við. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð. Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínum, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 2. febrúar 2024,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Andrad.

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Óbyggðanefnd
Borgartúni 29
105 Reykjavík